

S T E F

Ársreikningur 2022

STEF
kt. 620269-5739
Laufásvegi 40
101 Reykjavík

S T E F

Ársreikningur 2022

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Áritun endurskoðanda og skoðunarmanna.....	2
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur.....	6
Sjóðstreymi.....	8
Skýringar	9

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Stjórn og aðilar STEFs

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning STEFs fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakanna á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan.

Við erum óháð STEFi í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi STEFs. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa samtökin upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitungu við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:


- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.


Kópavogi, 11. maí 2023.

Deloitte ehf.


Einar Hafliður Einarsson
endurskoðandi

Við undirritaðir skoðunarmenn STEFs, höfum farið yfir ársreikning þennan fyrir árið 2022. Við teljum hann vera í samræmi við ákvæði laga og samþykka félagsins og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 11. maí 2023.


Eyjólfur Kristjánsson


Tryggvi M Baldvinsson

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Ársreikningur STEFs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

STEF eru opin félagasamtök höfunda og rétthafa um höfundarétt á sviði tónlistar. Samtökin gæta hagsmuna og höfundaréttar innlendra og erlendra tónskálda, textahöfunda, svo og annarra rétthafa tónverka og tilheyrandi texta er varða höfundarétt. Samtökin starfa á grundvelli viðurkenningar Mennta- og menningarmálaráðuneytisins til innheimtu höfundaréttargjalda samkvæmt höfundalögum. Þau vinna að því að efla og styrkja nýsköpun og stuðla að grósku tónlistar á Íslandi. Samtökin safna ekki eignum í eigin þágu.


Heildartekjur samtakanna námu 1077 mkr. á árinu 2022 sem er hækkun um 151 mkr., eða um 16,4% frá fyrra ári. Hreinar tekjur ársins námu 868 mkr., sem er aukning um 16,3%. Heildareignir í árslok námu 1.258 mkr og eigið fé 910 mkr. Um breytingar á eigin fé samtakanna á árinu og ráðstöfun tekna vísar stjórn til skýringa í ársreikningi.

Stjórn STEFs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2022 með undirritun sinni.


Reykjavík, 11. maí 2023.


Í stjórn STEFs:


Hallur Ingólfsson


Sigurður Flosason


Sigurður Flosason


Sigríður Thorlacius



Bragi Valdimar Skúlason


Páll Ragnar Pálsson


Páll Ragnar Pálsson


Eyþór Gunnarsson


Eyþór Gunnarsson


Þuríður Jónsdóttir

Þuríður Jónsdóttir


Þuríður Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri:


Guðrún Björk Bjarnadóttir

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Flutningsréttartekjur, innlendar		628.394.475	520.843.826
Flutningsréttartekjur, erlendar		104.709.405	139.374.138
Upptökuréttartekjur og tónlistarveitur		197.636.150	173.481.865
Aðrar tekjur		103.628.269	58.911.335
Sértekjur Tónmenntasjóða		42.255.609	32.363.850
		<u>1.076.623.908</u>	<u>924.975.014</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld		(148.332.144)	(128.020.721)
Ýmis rekstrarkostnaður		(58.497.974)	(51.936.728)
Afskrift og niðurfærsla viðskiptakrafna	2	(12.766.095)	(2.962.498)
		<u>857.027.695</u>	<u>742.055.067</u>
Hreinar tekjur fyrir fjármunaliði		857.027.695	742.055.067
Hreinar fjármunatekjur		<u>11.480.425</u>	<u>4.441.593</u>
Hreinar tekjur ársins		<u>868.508.120</u>	<u>746.496.660</u>

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Fasteign á Laufásvegi 40	6	165.000.000	140.511.944
Húsbúnaður og tæki	6	6.256.000	6.256.000
		<u>171.256.000</u>	<u>146.767.944</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Verðbréfasjóður	5	123.897.245	88.127.973
Skuldabréfaeign		3.676.809	3.944.791
		<u>127.574.054</u>	<u>92.072.764</u>
Fastafjármunir		<u>298.830.054</u>	<u>238.840.708</u>
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur			
Viðskiptakröfur	2	259.973.942	203.986.132
Aðrar kröfur og fyrirframgreiðslur		14.187.698	32.714.518
		<u>274.161.640</u>	<u>236.700.650</u>
Handbært fé			
Bankainnstæður		685.655.675	390.236.686
		<u>685.655.675</u>	<u>390.236.686</u>
Veltufjármunir		<u>959.817.315</u>	<u>626.937.336</u>
Eignir		<u><u>1.258.647.369</u></u>	<u><u>865.778.044</u></u>

31. desember 2022

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Eigið fé			
Endurmatsreikningur	10	121.757.378	97.269.322
Ferðastyrkjaskjöldur	11	101.420.570	67.075.570
Óráðstafað eigið fé	12	675.934.488	559.782.702
		<u>899.112.436</u>	<u>724.127.594</u>
Óráðstafað eigið fé sjóða:			
Menningarsjóður	9. 1	4.528.281	7.090.028
Nótnasjóður	9. 2	3.228.641	1.915.278
Upptökusjóður	9. 3	2.819.518	(1.357.255)
Tónskáldasjóður Bylgjunnar og Stöðvar 2	9. 5	(90.000)	(270.000)
		<u>10.486.440</u>	<u>7.378.051</u>
Eigið fé		<u>909.598.876</u>	<u>731.505.645</u>
Skuldir			
Ógreidd úthlutun		279.505.566	100.429.531
Aðrar skammtímaskuldir		69.542.927	33.842.868
		<u>349.048.493</u>	<u>134.272.399</u>
Skuldir		<u>349.048.493</u>	<u>134.272.399</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>1.258.647.369</u></u>	<u><u>865.778.044</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Uppruni handbærs fjár			
Frá rekstri			
Innborgaðar tekjur		1.039.322.677	959.050.827
Innborgaðar fjármunatekjur		13.711.153	2.120.194
Innborgaðar tekjur		<u>1.053.033.830</u>	<u>961.171.021</u>
Útborguð rekstrargjöld		(201.489.363)	(180.224.439)
Útborguð gjöld		<u>(201.489.363)</u>	<u>(180.224.439)</u>
Handbært fé frá rekstri		851.544.467	780.946.582
Önnur fjáröflun			
Innlest verðbréf og bundnar bankainnstæður		<u>0</u>	<u>1.490.000</u>
Uppruni handbærs fjár		<u>851.544.467</u>	<u>782.436.582</u>
Ráðstöfun handbærs fjár			
Önnur ráðstöfun			
Greidd úthlutun STEFs		(454.471.569)	(564.702.592)
Greidd úthlutun sjóða		(59.998.909)	(73.019.990)
Greidd úthlutun úr ferðastyrkjasjóði		(3.655.000)	(2.360.000)
Lagt í verðbréfasjóð		<u>(38.000.000)</u>	<u>0</u>
Ráðstöfun handbærs fjár		<u>(556.125.478)</u>	<u>(640.082.582)</u>
Aukning handbærs fjár		295.418.989	142.354.000
Bankainnstæður í ársbyrjun		<u>390.236.686</u>	<u>247.882.686</u>
Bankainnstæður í árslok		<u>685.655.675</u>	<u>390.236.686</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
2. Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldabréf eru færðar á nafnverði en færðar niður í efnahagsreikningi samkvæmt mati stjórnenda á innheimtanleika þeirra. Ekki er um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreakningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast.
3. Sjóðstreymi er hluti af ársreikningnum. Sjóðstreymið á að sýna hvað breytir handbæru fé á árinu. Til handbærs fjár teljast óbundnar bankainnstæður og sjóður.
4. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem skráð var í árslok. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar upp miðað við vísitölu í árslok. Verðbréf eru eignfærð á markaðsverði í árslok.
5. Langtímakröfur og verðbréf:

Verðbréfaeign STEFs samanstendur af markaðsverðbréfum og bankainnstæðum sem eru í fjárvörslu hjá banka. Verðbréfin eru metin og eignfærð á skráðu markaðsverði þeirra í árslok. Samsetning verðbréfasjóðsins í árslok er að meginhluta innlendir skuldabréfasjóðir og bankareikningar. Í lok árs var ekkert í hlutabréfasjóðum. Verðbréfaeignin er öll færð undir liðnum áhættufjármunir og langtímakröfur í efnahagsreikningi, en eignina er að jafnaði mögulegt að innleysa á verðbréfamarkaði á

Verðbréfsjóðseign og bundnar bankainnstæður eru færðar meðal langtímaeigna. Breyting ársins skýrist þannig:

	Staða 01 01	(Úttekt)/Innlegg	Ávöxtun	Staða 31 12
Verðbréfaeign	94.060.921	38.000.000	(2.783.998)	129.276.923
Áfallinn ógreiddur fjármagnstekjuskattur.....	(5.932.948)		553.270	(5.379.678)
	88.127.973	38.000.000	(2.230.728)	123.897.245

6. Fasteignir og lausafjármunir:

Innréttingar, áhöld og tæki eru metin þannig að kostnaðarverð eigna frá fyrra. Allar viðbætur ársins eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi.

Eignarhluti STEFs í fasteigninni á Laufásvegi 40 er 80%, en meðeigendurnir TÍ og FITT eiga 20%. Bókfært verð frá fyrra ári var myndað af endurmetnu stofnverði, auk eignfærðs endurbótakostnaðar á árinu 2018, sem var stutt af verðmati óháðra fasteignasala. Fasteignamat er talið endurspeglar markaðsvirði fasteignarinnar og þróun fasteignaverðs. Matið hefur hækkað talsvert frá síðasta verðmati á árinu 2019. Fasteignin var því endurmetin í árslok byggt á nýju fasteignamati og var endurmatshækkunin færð á endurmatsreikning meðal eigin fjár.

Varanlegir rekstrarfjármunir og endurmat þeirra greinast þannig:

	Fasteignin Laufásvegur 40	Húsgögn og tæki á skrifstofu	Samtals
Bókfært 01.01.....	140.511.944	6.256.000	146.767.944
Endurmat á árinu.....	24.488.056	0	24.488.056
Bókfært verð 31.12.....	165.000.000	6.256.000	171.256.000

Brunabótamat hússins er alls 133,1 mkr en af því er hlutdeild STEFs 80%, eða 106,4 mkr og fasteignamat hússins og lóðar alls er 206,2 mkr og hlutdeild STEFs í fasteignamati er 165 mkr.

7. Skattamál

Skattar vegna reikningsársins verða engir umfram það sem STEF hefur þegar greitt, eða reiknað sem skuldbindingu, í fjármagnstekjuskatt af fjármunatekjum.

Tónmenntasjóðir

8. STEF hefur umsjá og vörslu sinni fjóra tónmenntasjóði sem hafa hver sinn tilgang og reglur. Samkvæmt úthlutunarreglum STEFs er lagt til framlag í Menningarsjóð sem er úthlutað til menningarmála. Aðrir sjóðir hafa sérstaka tekjustofna. Hluti eigin fjár STEFs er bundinn þessum sjóðum. Breyting á stöðu þeirra 1. janúar til 31. desember og hlutdeild í eigin fé greinist þannig:

9.1. Menningarsjóður:		2022	2021
Staða í ársbyrjun		7.090.028	2.443.254
Framlag STEFs	13.2	35.000.000	35.000.000
	Til úthlutunar	42.090.028	37.443.254
Tillag til T.Í.		(7.058.004)	(7.058.004)
Tillag til F.T.T.		(7.058.004)	(7.058.004)
Framlag vegna Samtóns		(649.557)	(957.033)
Framlög til Samtóns vegna DÍT		(1.698.092)	(842.063)
Framlög til Samtóns vegna ÍTV		(4.409.063)	(5.172.990)
Framlag vegna "Útflutningssjóðs Ísl. tónlistar"		(1.500.000)	0
Framlag vegna "ÚTÓN"		(2.000.000)	(1.580.000)
Framlag í Upptökusjóð		(6.000.000)	(6.000.000)
Styrkir stjórnar		(3.000.000)	(1.200.000)
Önnur framlög og kostnaðarþáttaka		(4.189.027)	(485.132)
	Úthlutað á árinu	(37.561.747)	(30.353.226)
	Staða í árslok	4.528.281	7.090.028
9.2. Nótñasjóður :			
Staða í ársbyrjun		1.915.278	1.369.181
Sértekjur frá Fjölís		8.797.363	7.511.097
	Til úthlutunar	10.712.641	8.880.278
Styrkir		(7.244.000)	(6.685.000)
Þóknun fyrir nefndarstörf		(240.000)	(280.000)
	Úthlutað á árinu	(7.484.000)	(6.965.000)
	Staða í árslok	3.228.641	1.915.278
9.3. Upptökusjóður :			
Staða í ársbyrjun		(1.357.255)	(895.388)
Framlag úr Menningarsjóði		6.000.000	6.000.000
Sértekjur frá IHM vegna kapálgeira		19.107.738	11.396.439
	Til úthlutunar	23.750.483	16.501.051
Styrkir		(10.650.000)	(11.350.000)
Erlend úthlutun vegna kapálgeira		(10.000.965)	(6.028.306)
Þóknun fyrir nefndarstörf		(280.000)	(480.000)
	Úthlutað á árinu	(20.930.965)	(17.858.306)
	Staða í árslok	2.819.518	(1.357.255)

9.4. Tónskáldasjóður RUV og STEFs (fluttur í umsjón RÚV) :	2022	2021
Staða í ársbyrjun	0	0
Sértekjur vegna flutningsréttar frá RÚV	8.350.508	7.456.314
Til úthlutunar	8.350.508	7.456.314
Greiddir styrkir	0	0
Yfirfært til tónskáldssjóðsins	(8.350.508)	(7.456.314)
Úthlutað á árinu	(8.350.508)	(7.456.314)
Staða í árslok	0	0

9.5. Tónskáldasjóður Bylgjunnar og Stöðvar 2 :		
Staða í ársbyrjun	(270.000)	80.000
Sértekjur, framlag SÝN	3.000.000	3.000.000
Sértekjur vegna flutningsréttar frá SÝN	3.000.000	3.000.000
Til úthlutunar	5.730.000	6.080.000
Greiddir styrkir	(5.700.000)	(6.200.000)
Þóknun fyrir nefndarstörf	(120.000)	(150.000)
Úthlutað á árinu	(5.820.000)	(6.350.000)
Staða í árslok	(90.000)	(270.000)
Tónmentasjóðir alls	10.486.440	7.378.051

Annað eigið fé

10. Endurmatsreikningur		
Staða í ársbyrjun		97.269.322
Endurmat, breyting fastafjármuna	2, 8	24.488.056
Endurmatsreikningur í árslok		121.757.378
		97.269.322

11. Ferðastyrkjasjóður

Árið 2003 var stofnaður sérstakur sjóður, Ferðastyrkjasjóður. Heimilt er að ráðstafa allt að 10% af eignum sjóðsins, miðað við hver áramót, til ferðastyrkja til handa réttihöfum og starfsfólki STEFs. Til viðbótar við stofntillags sjóðsins, og síðari sértillög, er árlegt tillag reiknað í samræmi við nettóávöxtun verðbréfasjóða STEFs, sem stendur á bak ferðastyrkjasjóðinn. Ávöxtun verðbréfasjóðanna á árinu 2022 var neikvæð, en til að viðhalda sjóðnum var ákveðið að almenna framlagið tæki mið af framlagi fyrri ára og verðlagsbreytingum. Sérstakt framlag ársins, 35 mkr., var ákveðið af stjórn og tók mið af sérstökum uppgjörum frá IHM vegna fyrri ára.

Ferðastyrkjasjóður greinist þannig:	2022	2021
Staða í ársbyrjun	67.075.570	67.115.570
Tillag ársins (ávöxtun sjóðsins)	3.000.000	2.320.000
Sérstakt framlag á árinu	35.000.000	0
Ráðstöfun á árinu	(3.655.000)	(2.360.000)
Ferðastyrkjasjóður í árslok	101.420.570	67.075.570

12. Óráðstafað eigið fé			
Til ráðstöfunar			
Óráðstafað eigið fé í ársbyrjun		559.782.702	487.141.767
Hreinar tekjur ársins		868.508.120	746.496.660
Gengismunur erlendra úthlutana	13	0	(886.555)
Sértekjur sjóða í vörslu STEFs		(33.905.101)	(24.907.536)
Sértekjur Tónskáldasjóðs RUV og STEFs		(8.350.508)	(7.456.314)
Hlutdeild Tónmenntasjóðs kirkjunnar skv. samningi		(2.799.763)	(5.378.880)
Til úthlutunar		<u>1.383.235.450</u>	<u>1.195.009.142</u>
Ráðstöfun			
Tillög í Ferðastyrkjasjóð	11	(38.000.000)	(2.320.000)
Framlag í Menningarsjóð		(35.000.000)	(35.000.000)
Úthlutun innanlands		(428.464.287)	(412.365.668)
Úthlutun til útlanda		(158.556.087)	(137.011.198)
Biðreikningur vegna innheimtu hjá NMP		(47.280.588)	(48.529.574)
Ráðstafað á árinu		<u>(707.300.962)</u>	<u>(635.226.440)</u>
Óráðstafað eigið fé í árslok		<u>675.934.488</u>	<u>559.782.702</u>
Annað eigið fé samtals		<u>899.112.436</u>	<u>724.127.594</u>

13. Gengismunur.

Vegna þróunar á gengi krónu gagnvart erlendri mynt sem úthlutað er í til erlendra rétthafa getur myndast gengismunur vegna gengis þegar úthlutun er reiknuð og skilagreinar sendar erlendum rétthöfum og þess gengis sem er þegar úthlutunin er greidd ef tímamunur er þar á. Skuldastaða vegna erlendra úthlutana er varin gengisáhættu með samsvarandi inneignum á bankareikningi í erlendri mynt.